

29. apríl 2021

UMSÖGN ÓFEIGAR UM TLLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM ENDURSKOÐAÐA LANDSSKIPULAGSSTEFNU 2015-2026, 151. LÖGGJAFARÞING 2020–2021, ÞINGSKJAL 1184, 705. MÁL. STJÓRNARTILLAGA.

Nefndasvið Alþingis hefur óskað eftir umsögn okkar um ofangreint. Þökkum við það og veitum hana fúslega, á því sviði sem samtökin starfa; óbyggð víðerni.

Samtökin ÓFEIG, stofnuð 2018, starfa í almannapágu, einkum að málefnum tengdum óbyggðum víðernum, meðal annars með rannsóknum. Stóðu samtökin á fyrsta starfsári sínu að kortlagningu óbyggðra víðerna í samstarfi við erlenda rannsóknarstofnun á sviði víðerna, meðal annars innan Hornstrandafriðlands. Á yfirstandandi ári hefur ÓFEIG hafið samstarf við önnur samtök við kortlagningu víðernasvæða innan miðhálandisins. Er vinna við annað þeirra þegar komin af stað og kortlagning þriðja víðernissvæðisins er í undirbúningi. Með þessari vinnu hefur ÓFEIG kynnt hérlendis í fyrsta sinn alþjóðlega viðurkenndar aðferðir við kortlagningu víðerna, en skv. lögum nr. 60/2013, þar á meðal nýlega samþykktu ákvæði 73 a, skal taka mið af slíkum aðferðum hérlendis.

Fyrirliggjandi tillögur um viðmið við kortlagningu óbyggðra víðerna í 6.1.6. tillögunnar eru lítt útfærðar. ÓFEIG telur það að nokkru leyti skiljanlegt að tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 gangi svo skammt í þá átt að skilgreina viðmið fyrir kortlagningu allra víðerna Íslands sem raun er á, þrátt fyrir tilmæli er stofnuninni voru gefin. Ræður þar í fyrsta lagi að áðurgreind kortlagningarskylda greinar 73 a hefur loks verið lögfest og reglugerð verður gefin út um útfærslu kortlagningar í samræmi við lögina, og í öðru lagi sú takmarkaða þekking sem enn er til staðar á Íslandi um kortlagningu víðerna með alþjóðlega viðurkenndum aðferðum, líkt og lög bjóða. Við tökum undir það sem kemur fram í tillögunni á bls. 42, að nánar þurfi að útfæra það sem sett er fram í reglugerð. Mikilvægt er að vel sé staðið að því og slík reglugerð líti dagsins ljós fyrir en síðar. Með þessum fyrirvörum gerum við ekki athugasemdir við tillöguna eins og hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Sif Konráðsdóttir
formaður

Snæbjörn Guðmundsson
stjórnarmaður

Helstu gögn:

1) Kortlagning óbyggðra víðerna við Drangajökul. Nóvember 2019.

Skýrsla: [Mapping the impact of the proposed Hvalá Power Plant on the wilderness of the Drangajökull Peninsula. – The Wildland Research Institute](#)

Kynning á vegum Náttúrufræðistofnunar 2021: [Hrafnaþing: Mapping Iceland's wilderness | Facebook](#)

Kynning á Umhverfisþingi 2021: [Stjórnarráðið | Umhverfisþing \(stjornarradid.is\)](#)

- Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir og dr. Rannveig Ólafsdóttir: „Public Perception of Wilderness in Iceland“, birtist í Land 9, 99, 27. mars 2020.
- 2) Dr. Aðalheiður Jóhannsdóttir: „Wilderness protection in Iceland“ á bls. 385, 16. kafli bókarinnar Wilderness Protection in Europe. The Role of International, European and National Law, Cambridge University Press, 2016, ed.: Kees Bastmeijer.
https://www.researchgate.net/publication/301608725_Wilderness_protection_in_Iceland og [file:///C:/Users/Notandi/AppData/Local/Packages/Microsoft.MicrosoftEdge_8wekyb3d8bbwe/TempState/Downloads/2016-WILDERNESS-ICELAND%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/Notandi/AppData/Local/Packages/Microsoft.MicrosoftEdge_8wekyb3d8bbwe/TempState/Downloads/2016-WILDERNESS-ICELAND%20(1).pdf)
 - 3) „Kortlagning víðerna á miðhálandinu. Tillögur að útfærslu viðmiða. Skýrsla verkefnishóps til Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar. Vinnugagn 14.10.2019“.
https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skiol/Kortlagning_viderna_Skyrsla_verkefnishops_14102019_sam.pdf
 - 4) Dr. Þorvarður Árnason et al.: „Kortlagning víðerna á miðhálandi Íslands: Tillögur að nýrri aðferðafræði“. 2017. https://www.skiulag.is/media/pdf-skiol/Kortlagning_Viderna_Web2.pdf
 - 5) David C. Ostman og dr. Þorvarður Árnason: „Kortlagning víðerna á miðhálandinu: Framhaldsverkefni um þróun aðferðafræði“. Janúar 2020.
http://www.ramma.is/media/banners/OstmanArnason2020_KortlagningViderna_WEB.pdf
 - 6) Tilgátukort Náttúrufræðistofnunar Íslands um óbyggð víðerni, 2018. Unnið í tengslum við Rammaáætlun.
[Rammaáætlun - Vindorka \(arctgis.com\)](http://www.ramma.is/media/banners/OstmanArnason2020_KortlagningViderna_WEB.pdf)
 - 7) Skjöl vegna þingsályktunar 1997 um varðveislu ósnortinna víðerna
 - a. Þingsályktunartillaga um varðveislu ósnortinna víðerna, lögð fram 12. apríl 1996 á 120. löggjafarþingi, 76. mál, þskj. 814 <https://www.althingi.is/altext/120/s/0814.html>
 - b. Þingsályktunartillaga um varðveislu ósnortinna víðerna, lögð fram 7. október 1996 á 121. löggjafarþingi, 27. mál, þskj. 27 <https://www.althingi.is/altext/121/s/0027.html>
 - c. Þingsályktun nr. 13/121 um varðveislu ósnortinna víðerna samþykkt af Alþingi 12. maí 1997 <https://www.althingi.is/altext/121/s/1212.html>
 - 8) Skjöl vegna þingsályktunar 1999 um kortlagningu ósnortinna víðerna
 - a. Þingsályktunartillaga um kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi 123. löggjafarþing, 327. mál, þskj. 404 <https://www.althingi.is/altext/123/s/0404.html>
 - b. Þingsályktun 21/123 um kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi, samþykkt af Alþingi 10. mars 1999 <https://www.althingi.is/altext/123/s/1169.html>